



Leiðbeiningar

Niðurstöður álagningar einstaklinga 2022

Aðgengilegar á þjónustuvefnum
skattur.is



skatturinn@skatturinn.is



442 1000

Upplýsingaver er opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



Greiðsla inneigna

Inneignir eru allar greiddar út 1. júní en athugið að barnabótum er skipt í tvær greiðslur.

Fjárhæðin sem birtist efst er heildarniðurstaða álagningarinnar, en skoða þarf línuna „til greiðslu/inneign“ til á sjá uppgjör hvers gjaldaga fyrir sig. Fjárhæðum sumra gjalda er skipt niður á fleiri gjalddaga til greiðslu. Sumir gætu því þurft að greiða á síðari gjalddögum þrátt fyrir að hafa fengið inneign greidda út 1. júní.

Að skoða útreikninga og forsendur

Nálgast má nánari upplýsingar um hvernig niðurstaða hvers gjaldaliðs er fengin með því að smella á hverja línu fyrir sig.

T.d. ef smellt er á tekjuskatt og útsvar má sjá hvernig tekjuskattur er reiknaður út frá uppgæfnum tekjum í skattframtali þínu.

Þá má sjá hversu hátt útsvar þú greiðir til þíns sveitarfélags.

Sá skattur sem staðgreiddur var hjá þínum launagreiðanda yfir árið er dreginn frá útreiknuðum tekjuskatti og útsvari.

Sé einhver mismunur er hann greiddur út sem inneign eða innheimtur sem skuld. Skuld getur t.d. myndast ef útsvar í þínu sveitarfélagi er hærra en meðaltalsútsvar sem miðað er við í staðgreiðslu og eins ef persónuafsláttur hefur verið ofnýttur.

Sambærilegar upplýsingar má fá við alla skatta og öll gjöld sem lögð eru á í álagningu.

Skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélags

Á myndinni hér til hægri má sjá á hvernig skattar sem lagðir eru á tekjur þínar er skipt á milli þíns sveitarfélags og ríkisins.

Þegar niðurstöður álagningar eru opnaðar stendur efst hvort þú átt skuld eða inneign. Skuldir eru einkenndar með **rauðum** lit og mínus merki en inneignir með **grænum** lit.

Niðurstaða álagningar 2022


Skuld að fjárhæð kr. 40.274

	1. jún.	1. júl.	1. ágú.	1. sep.	1. okt.	1. nóv.	1. des.	Samtals
Tekjuskattur og útsvar	-8.686							-8.686
Fjármagnstekjuskattur	96							96
Útvarpsgjald	-18.800							-18.800
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	-12.334							-12.334
Slysatrygging við heimilisstörf	-550							-550
Til greiðslu/Inneign	-40.274	0	0	0	0	0	0	-40.274

[Sjá minna](#)

Upplýsingar um inneign/skuldastöðu veitir **innheimtumaður ríkissjóðs**
Á þjónustusiðu innheimtumans má sækja rafrænt um greiðsludreifingu vegna skuldar við ríkissjóð.

[Sækja prentvæna útgáfu](#)



Innheimta skulda og greiðsluáætlanir

Skuldum í tekjuskatti og útsvari er sjálfkrafa dreift á 7 gjalddaga. Heimilt er að greiða skuldina upp á styttri tíma eða sækja um greiðsluáætlun og að dreifa greiðslum á lengra tímabil.

Allar einfaldar greiðsluáætlanir má gera í gegnum [Ísland.is](#) eða hjá viðkomandi innheimtumanni.

Innheimta skulda fer í flestum tilvikum fram í gegnum launagreiðendur, sem eiga að draga viðeigandi fjárhæð af launum. Sjálfstætt starfandi og þau sem ekki eru í vinnu fá sendan greiðsluseðil og kröfu í heimabanka. Inneignum ber að skuldajafna við gjaldfallnar kröfur. Skuldajöfnunarheimild er á milli samskattaðra maka varðandi þing- og sveitarsjóðsgjöld. Barnabótum er ekki skuldajafnað nema upp í ofgreiddar barnabætur.

Barnabætur

Sé smellt á barnabætur má sjá hvaða forsendur liggja að baki útreikningi og hver áhrif tekna eru á hann.

Barnabætur

Skerðingarmörk

Tekjustofn sjá sunduríðun	20.019.275
Skerðingarmörk vegna barnabóta	-7.200.000
alagningarsedill.sundurildanir.barnabaetur.skerdingarmork2	-11.000.000
Stofn til skerðingar	12.819.275

Útreikningur barnabóta

Almennar barnabætur fyrir 2 börn	513.700
Skerðing vegna tekna (6,00% af 3.800.000)	228.000
Skerðing vegna tekna (7,50% af 9.019.275)	285.700
Barnabætur samtals	0

Uppgjör barnabóta

Fráðregnar fyrirframgreiddar barnabætur	0
Barnabætur í álagningu	0

Sérstakur barnabótaauki

Sérstakur barnabótaauki fyrir 2 börn	0
Sérstakur barnabótaauki í álagningu	0

Nánar um útreikning barnabóta
Nánar um útreikning sérstaks barnabótaauka

[Prenta](#) [Loka](#)